

29. október 2019

Minnisblað vegna Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna 78 og Tjarnarinnar

Hinsegin félagsmiðstöð er rekin af frístundamiðstöðinni Tjörninni í gengum þjónustusamning við Samtökin 78. Fjármagn til rekstursins voru 3 milljónir árið 2018, 3 milljónir árið 2019 og 3 milljónir árið 2020. Fjármagn fyrir rekstrinum kemur í gegnum Samtökin 78 en það er Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar sem styrkir samtökin til rekstursins.

Opið er öll þriðjudagskvöld frá kl.19.30 - 22.00 og svipar starfið til þess starfs sem er í öðrum félagsmiðstöðvum borgarinnar að því undanskyldu að hinseginleikanum er sérstaklega fagnað í félagsmiðstöðinni, hann er viðmið en ekki frávik. Lagt er upp með að skapa öruggt rými fyrir einstaklingana sem sækja starfið og að þátttaka í starfinu hvetji þau til að finna öryggi í að taka þátt í öðru skipulögðu frístundastarfi. Í félagsmiðstöðinni er unnið eftir sömu gildum og á öðrum starfsstöðum Tjarnarinnar.

Fjármagnið dugir fyrir einu stöðugildi forstöðumanns í 25% starfi. Önnur störf eru unnin af sjálfboðaliðum Samtakanna 78.

Félagsmiðstöðin sem var áður til húsa í húsnæði Samtakanna 78 hefur nú flutt opnanir sínar í Spennistöðina og fær að vera það endurgjaldslaust. Með flutningum fylgja vissar áskoranir, sem stendur er 1 starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar á vakt hverju sinni og 3-4 sjálfboðaliðar sem koma frá Samtökunum 78 og hafa ekki hlotið viðeigandi þjálfun í frístundastarfi eins og aðrir starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík. Mæting á opnanir Hinsegin félagsmiðstöðvar hefur aukist til muna frá flutningum í Spennistöðina og eru nú á haustönn u.þ.b. 70-80 unglingar að mæta á hverja opnun. Það er mikilvægt að taka vel á móti hverjum og einum og margir eru að leita eftir stuðningi og ráðgjöf starfsmanna og því mikilvægt að fleiri starfsmenn, sem hafa fengið þjálfun í að vinna með unglingum í félagsmiðstöðvum, séu til staðar á þessum opnunum.

Nú í vetur hafa verið alls opnanir og hefur mæting verið eftirfarandi;

27.8: 48

03.9: 69

10.9: 64

17.9: 75

24.9: 80

01.10: 68

08.10: 72

15.10: 110

22.10: 75

Meðalmæting haustið 2019 er því 73 einstaklingar per opnun.

Til samanburðar má bera þessar tölur saman við meðalmætingu haustið 2018 sem voru 31,1 einstaklingur per opnun og svo 38,9 vorið 2019.

Samskipti við foreldra hafa aukist til muna með aukinni mætingu unglinganna, sem er að sjálfsgöðu þáttur sem þarf að hlúa betur að en miðað við það fjármagn sem félagsmiðstöðin hefur til umráða nú til starfseminnar er það nánast ógerlegt.

Síðustu misseri hefur Hinsegin félagsmiðstöðin boðið öllum áhugasömum starfsmönnum frístundamiðstöðva borgarinnar að nýta sér „reynslunám“ félagsmiðstöðvarinnar. Fjöldi starfsmanna hefur nýtt sér reynslunámið en veturinn 2018-2019 voru það í heildina um 60 starfsmenn. Forstöðumaður hefur einnig farið í allar frístundamiðstöðvar og kynnt félagsmiðstöðina og reynslunámið fyrir starfsfólki. Reynslunámið krefst mikils skipulags og samskipta við frístundamiðstöðvarnar auk fræðslu og samskipta við þá starfsmenn sem nýta sér reynslunámið hverju sinni. Það augljóst að það er mikill auður fólgin í slíku reynslunámi, bæði fyrir starfsmenn og starfsstaði/félagsmiðstöðvar en með auknum umsvifum í starfi félagsmiðstöðvarinnar sjáum við okkur ekki fært um að halda því áfram.

Ef þróun félagsmiðstöðvarinnar heldur áfram af sama krafti og hefur verið, þarf eitthvað að gerast til að efla starfsemina. Auka þyrfti við fagmennsku til að geta veitt sömu þjónustu og aðrar félagsmiðstöðvar, fjölga opnunum og bjóða upp á sértækt hópastarf fyrir þá hópa sem þess þurfa. Einnig þyrfti að efla foreldrasamstarf og samtal milli allra aðila sem koma að uppeldi og lífi hinsegin ungmenna í Reykjavík. Einnig hafa foreldrar 10-12 ára barna í sömu sporum óskað eftir starfi fyrir þann aldurshóp líkt og er í öðrum félagsmiðstöðvum.

Við leggjum því mikla áherslu á að fá til viðbótar 2 milljónir til starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar árið 2020 þannig að hægt sé að bæta við í það minnsta 20% stöðugildi og fjölga fagmenntuðu starfsfólki á opnanir Hinsegin félagsmiðstöðvar í Spennistöðinni.

Soffía Pálsdóttir
skrifstofustjóri frístundamála
skóla- og frístundasvið Reykjavíkur